

Þessum og lóðarréttindum sem þeim fylgja, til fullrar og ótakmarkaðrar ráðstöfunar, til ótakmarkaðs aðgangs að öllum hlutum húsanna og til að hindra allan aðgang að þeim og lóðum þeirra nema með leyfi leigunámstaka:

Borgartún 17, Borgartún 18, Borgartún 19,
Borgartún 20, Borgartún 22, Höfðatún 2 og
Sætún 8.

Um framkvæmd leigunámsins fer eftir lögum um framkvæmd eignarnáms, nr. 11 6. apríl 1973.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. febrúar 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

LÖG

**um breyting á lögum um fasteigna- og skipasölu,
nr. 34 5. maí 1986.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Nú fullnægir maður, sem fengið hefur löggildingu eða heimild til fasteignasölu, eigi framar lögmæltum skilyrðum til löggildingar samkvæmt lögum þessum og fellur þá löggilding hans eða heimild til fasteignasölu úr gildi enda ber honum að skila til ráðuneytisins löggildingarskírteini sínu eða leyfisbréfi. Heimilt er ráðherra að veita aðila löggildingu eða leyfi að nýju ef hann fullnægir síðar lagaskilyrðum að mati ráðherra.

2. gr.

2. mgr. 21. gr. laganna orðast svo:

Þeir sem hlotið hafa leyfi til fasteignasölu skv. lögum nr. 47/1938 skulu halda þeim enda fullnægi þeir skilyrðum 1.–3. og 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. þessara laga. Þeir teljast einnig hafa rétt til sölu skráningarskyldra skipa.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1987.

Gjört í Reykjavík, 26. febrúar 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.